

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Útanríkismálanefnd Alþingis,  
Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2022

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 152. löggjafarþing 2021 – 2022. Þskj. 91 – 91. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International fagnar framkomnu frumvarpi til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Þess má geta að Íslandsdeild samtakanna skilaði inn umsögn um áþekkt frumvarp á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 18-18. mál, og á 150. löggjafarþingi 2019-2020, þskj. 242-224. mál. Afstaða deildarinnar er sú sama og þá.

Mannréttindasamtökin Amnesty International tóku ákvörðun á heimsþingi samtakanna árið 2003 um að andmæla notkun, vörslu, framleiðslu og flutningi á kjarnavopnum.

Samtökin hafa mótmælt notkun allra handahófskenndra vopna, svo sem jarðsprengja og klasasprengja. Kjarnorkuvopn falla undir þá skilgreiningu en slík vopn þyrma engum sem fyrir þeim eða geislum frá þeim verður.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar því framkomnu frumvarpi sem hefur það m.a. að markmiði að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust og að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Þá vill Íslandsdeild Amnesty International ítreka ánægju sína með tillögu til þingsályktunar um að Ísland undirriti og fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 152. löggjafarþing 2021 – 2022. Þskj. 90 – 90. mál, og vonar að hún verði samþykkt eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

---

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Íslandsdeildar Amnesty International